

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 20 hjá Öldungaráði Snæfellsbæjar sem haldin var í Höllinni í Ólafsvík fimmtudaginn 3. apríl 2025 kl 14,00

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Jón Guðmundsson varamaður sem mætti í forföllum Ragnheiðar Víglundsdóttur og Pétur Steinar Jóhannsson.

Ólafur formaður setti fund og stýrði og bauð fundarmenn velkomna.

Mál 1: Hækkun hitakostnaðar. Umræður urðu um mjög mikla hækkun orku og ekki síður hækkun flutningskostnaðar. Lögð voru fram gögn sem sýndu það ótvírætt. Ólafur sagði frá samtali sem hann átti við Kristinn Jónasson bæjarstjóra Snæfellsbæjar aukin orkukostnað. Hann sagði að SSV væru að vinna í þessum málum. Fljótlega yrði gefin út skýrsla og sagt að hverju væri verið að vinna að. Umræður urðu um varmadælur og uppsetningu þeirra, kostað og um þá kosti og þá galla sem þeim fylgja.

Mál 2: „Er gott að eldast“? Þetta málefni var rætt meðal fundarmanna. Í framhaldi af því lagði Ólafur Hlynur formaður fyrir fundinn svohljóðandi áskorun:

„Öldungaráð Snæfellsbæjar kom saman til fundar þann 3. apríl síðastliðinn og meðal fundarefnis var umræða um verkefnið “Gott að eldast”, sem okkur var kynnt af fulltrúa SFS á seinni hluta síðasta árs. Þar sem nú hafa orðið breytingar hjá yfirvöldum, og ný ríkisstjórn tekið við og fýsir okkur að vita hvort ekki standi til að halda áfram með þetta mikilvæga verkefni eins og áætlanir gerðu ráð fyrir og hvernig staðan er núna varðandi framhaldið. Öldungaráð beinir fyrirspurn þessari til Skóla- og félagsþjónustu Snæfellinga (SFS) og óskar eftir að SFS kynni okkur stöðuna”.

Samþykkt samhljóða.

Mál 3: Heilsuefling eldri borgara í Snæfellsbæ. Eftir umræður um að vekja athygli á heilsueflingu í Snæfellsbæ þá var eftirfarandi samþykkt: „Öldungaráð Snæfellsbæjar hvetur sem flesta eldri borgara til að hugsa sem best um heilsuna. Öldungaráðið bendir á góð tækifæri til þess ss sundleikfimi og cross fit undir stjórn góðra þjálfara. Einnig má benda á boccia og gönguferðir á stígum í bæjarfélaginu”

Mál 4: Áttthagastofan. Vakin var umræða um að ef/þegar húsnæði Áttthagastofunar við Kirkjutún yrði tekið niður hvað yrði um starfsemina sem nú væri þar til húsa. Svo sem skákmót, AA fundir, hittingur Líf krabbameinsgreinda og fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,40.

Fundargerð ritaði

Pétur Steinar Jóhannsson